

**Sp.**

**46. Tillaga til þingsályktunar**

[46. mál]

um takmarkanir varðandi samskipti varnarliðsmanna og Íslendinga.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að koma því til leiðar, að dvöl hermanna varnarliðsins hér á landi verði framvegis takmörkuð við þá staði, sem liðið hefur til afnota, enda verði hindruð ónauðsynleg ferðalög hermannanna utan þessara staða. Jafnframt verði komið í veg fyrir óþarfar ferðir Íslendinga til bækistöðva varnarliðsins.

**Greinargerð.**

Lengst af síðan varnarliðið kom hingað til lands hafa hermenn þess gert talsvert að því að fara út fyrir bækistöðvar sínar og þá einkum til Reykjavíkur sér til skemmtunar og hafa þessar skemmtiferðir farið í vöxt, eftir því sem lengra hefur liðið. Hafa hermenn dvalið í Reykjavík fram á nætur, heilar nætur og lengri tíma samfleytt. Einnig hafa verið mikil brögð að því, að Íslendingar hafi sótt þá staði, er herliðið hefur afnot af. Í sambandi við veru herliðsins í Reykjavík og samvistir hermanna við margt íslenskt fólk, einkum ungar stúlkur, skapast hér vandamál, bæði þjóðernisleg og siðferðisleg, sem Alþingi og ríkisstjórn geta ekki leitt hjá sér.

Virðist svo sem afskipti ríkisstjórnarinnar af þessu hljóti að ganga í þá átt að koma því til leiðar, að dvöl hermanna varnarliðsins sé takmörkuð við þá staði, sem varnarliðinu hafa verið veitt afnot af fyrir bækistöðvar sínar, og að hindraðar verði óþarfar ferðir Íslendinga til þessara staða.

Í þeim takmörkunum, sem hér er farið fram á, felst að sjálfsögðu engin óvinsemi í garð varnarliðsins eða andúð á því starfi, sem því hefur verið falið að vinna samkvæmt samningi, sem gerður hefur verið af Íslands hálfu til tryggingar öryggi landsins. En óhjákvæmilegt er, að báðir samningsaðilar geri sér ljóst, að m. a. með tilliti til fámennis þjóðarinnar eru þær takmarkanir, sem hér er farið fram á, eitt af meginskilyrðum þess, að varnarráðstafanir þær, sem til var stofnað með samningnum, séu framkvæmanlegar frá íslenskju sjónarmiði.